

Umhverfisstofnun
Áb. <i>SF</i>
21 JAN. 2004
<i>54.52</i>
Tilv. <i>UST20031200097</i>

Skipulagsstofnun
Auður Ýr Sveinsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

• Suðurlandsbraut 24
15 - 103 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

☎ (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

19. janúar 2004

Tilvísun: UST20031200097/sf

Korpúlfsstaðavegur - tengibraut. Matsskylda.

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar, dags. 12. desember sl., þar sem óskað er álits Umhverfisstofnunar á því hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum, að teknu tilliti til 3. viðauka í lögum nr. 106/2000.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir.

Framkvæmdalýsing

Fyrirhuguð framkvæmd felst í framlengingu Korpúlfsstaðavegar að Vesturlandsvegi og er tilgangur framkvæmdarinnar m.a. sá að tengja byggð í Staðahverfi í Reykjavík og Blikastaðalandi í Mosfellsbæ við Vesturlandsveg. Lengd vegarins er um 700 m. Reist verður göngubrú yfir Úlfarsá, rétt norðan við og samsíða akstursbrautinni. Gönguleiðir verða undir akstursbrúna beggja vegna árinna og austan árinna verður jafnframt reiðleið. Framlenging Korpúlfsstaðavegar er í samræmi við staðfest aðalskipulag Mosfellsbæjar og aðalskipulag Reykjavíkur.

Efnistaka

Í tilkynningu um framkvæmdina til Skipulagsstofnunar kemur fram að helstu magntölur eru þessar: Uppúrtekt 10.000 m³ án klappar, klapparskering 3.000 m³ og fyllingar 15.000 m³. Ekki kemur fram hvar efni verður tekið til framkvæmdarinnar.

Verndarsvæði

Úlfarsá frá upptökum í Hafravatni til ósa ásamt um 200 m breiðum bakka beggja vegna árinna er á náttúruminjasrá (svæði nr. 130). Í lýsingu svæðisins segir: „Fögur og góð laxveiðiá, víða grónir valllendisbakkar, fjölbreyttar og lífauðugar fjöror.“

Úlfarsá er jafnframt skilgreind sem hverfisverndarsvæði í staðfestu aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 og í staðfestu aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2002-2024. Í greinargerð með aðalskipulagi Reykjavíkur kemur fram að fyrir Úlfarsá sunnan Vesturlandsvegar skal lífríki árinna, umhverfi, votlendi og fuglalíf njóta forgangs og hverfisverndar við gerð deiliskipulags svæðisins. Allri mannvirkjagerð skal haldið í lágmarki á hverfisverndarsvæðum. Í aðalskipulagi Mosfellsbæjar gilda um Úlfarsá og 100 m breitt belti

beggja vegna árinna ákveðnar reglur, m.a. er framræsla votlendis meðfram ánni ekki leyfð og mannvirkjagerð innan svæðisins takmörkuð en gert er ráð fyrir að um það liggi göngu- og reiðstígar.

Auk þess sem Úlfarsá og umhverfi hennar hefur verndargildi vegna lífríkis hefur umhverfi árinna mikið gildi sem útivistarsvæði fyrir núverandi byggð og ljóst að gildi þess sem útivistarsvæðis mun aukast enn frekar í framtíðinni með aukinni byggð á svæðinu. Má búast við að svæðið verði ekki síður mikilvægt til útivistar en umhverfi Elliðaáanna. Því er mikilvægt fyrirhugaðar framkvæmdir raski ekki lífríki árinna og dregið verði eins og frekast er kostur úr áhrifum framkvæmdarinnar á umhverfi árinna.

Í tilkynningu framkvæmdaraðila segir m.a.: „*Umhverfisstofnun mun fjalla sem umsagnaraðili um framkvæmd þessa eins og áskilið er.*”

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skal leita umsagnar og tilkynna Umhverfisstofnun um framkvæmdir þar sem hætta er á að spillt verði öðrum náttúruminum á náttúruminjasrá. Stofnunin bendir á að umsögn stofnunarinnar um matskyldu framkvæmda skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum jafngildir ekki umsögn skv. 38. gr laga um náttúruvernd.

Gróðurfar

Náttúrufræðistofnun Íslands gerði úttekt á gróðurfari í fyrirhuguðu vegstæði. Í greinargerð stofnunarinnar (fylgiskjal 9 með tilkynningu framkvæmdaraðila) kemur fram að nokkurt votlendi er á blettum við bakka Úlfarsár en þar sem vegurinn mun liggja eru tiltölulega þurrar votlendisræmur sem ekki eru sérstæðar á landsvísu. Að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands mun vegurinn ekki koma til með að fara yfir náttúrufarslega sérstæð gróðurfélög. Í greinargerðinni er bent á að ekki var gerð sérstök úttekt á háplöntuflóru svæðisins en við kortlagningu á vettvangi varð ekki vart við sjaldgæfar plöntur eða plöntur á válista.

Með hliðsjón af ofangreindu telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa í för með sér umtalsverð áhrif á gróður.

Í framangreindri greinargerð Náttúrufræðistofnunar Íslands er bent á að um 30 m sunnan við fyrirhugað vegstæði, rétt austan við árbakkann, sé blautt votlendi sem forðast ætti að spilla. Þetta er sá staður sem verðmætastur er náttúrufarslega vegna þess hve mikilvægur hann er fyrir fuglalíf á svæðinu. Við hönnun og framkvæmdir við veginn ber því að gæta þess að spilla því ekki á nokkurn hátt.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt yfirlitsupprætti í tilkynningu um framkvæmdina verður ekki betur séð en að bæði fyrirhugaður göngustígur og reiðstígur muni liggja yfir mýrina, sbr. gróðurkort Náttúrufræðistofnunar Íslands. Umhverfisstofnun telur að leggja beri áherslu á að hvorki fyrirhuguð vegagerð né aðrar framkvæmdir, s.s. reiðstígar eða göngustígar, raski votlendinu og að stígar liggi ekki yfir eða of nærri mýrinni.

Fuglalíf

Í tilkynningu um framkvæmdina er vísað til skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands um náttúrufar í austurlandi Reykjavíkur frá 1996. Umfjöllun um fugla í skýrslunni byggir m.a. á talningum, sem gerðar voru í júní og júlí 1995, á fuglum á ánni og á um 200-300 m breiðu belti sitt hvorum megin árinna. Í tilkynningu um framkvæmdina segir m.a.:

„*Fuglalíf við Úlfarsá er mjög fjölskrúðugt og hafa yfir 50 tegundir verið skráðar, þar af eru 25 tegundir reglulegir varpfuglar en 4 óvissir eða stopulir. Í stórum dráttum er fjölbreytileikinn meiri og tegundir fleiri ofan Vesturlandsvegur en neðan hans.*”

Af þeim tegundum sem taldar eru upp í 4. töflu í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands eru 9 tegundir á válista, þ.e. helsingi, fálki, grágæs, gulönd, himbrimi, hrafn, svartbakur,

stormmáfur og straumönd, en flestar þessara tegunda eru sjaldgæfir gestir við Úlfarsá. Grágæs og stormáfur eru varpfluglar og gulönd er algengur vetrargestur en þessar tegundir halda sig að mestu við ofanverða ána.

Það svæði sem Náttúrufræðistofnun Íslands kannaði við athugun á fuglalífi nær ekki til alls framkvæmdasvæðisins, enda liggur fyrirhugaður vegur allt austur að Vesturlandsvegi en athugunarsvæði fugla var eingöngu um 200-300 m breitt belti við ána. Miðað við það land sem vegurinn liggur yfir næst Vesturlandsvegi, sbr. gróðurkort Náttúrufræðistofnunar Íslands, telur Umhverfisstofnun þó ólíklegt að þar sé að finna sérstakt fuglalíf.

Með hliðsjón af ofansögðu telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa umtalsverð áhrif á fuglalíf.

Í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands um náttúrufar í austurlandi Reykjavíkur segir m.a.:
„Beina þarf umferð frá þéttum fuglabyggðum á varptíma, t.d. með því í að láta göngustíga sveigja hjá slíkum stöðum.“

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að við skipulagningu stíga á svæðinu verði tekið mið af þessu, sbr. einnig athugasemdir í kaflanum um gróður hér að framan.

Hljóðvist

Í tilkynningu um framkvæmdina kemur fram að hljóðstig var reiknað í fimm sniðum, þ.e. þremur í Staðahverfi og í Blikastaðalandi austur að fyrirhugaðri tengibraut er liggur þvert á Korpúlfsstaðaveg. Samkvæmt niðurstöðum útreikninga fyrir sniðin í Staðahverfi verður hljóðstig innan við 55 dB(A). Hljóðstig í Blikastaðalandi norðan Korpúlfsstaðavegar verður allt að 58 dB(A) en þar er gert ráð fyrir blandaðri byggð skv. aðalskipulagi Mosfellsbæjar. Ekki var reiknað hljóðstig fyrir svæðið sunnan Korpúlfsstaðavegar í Blikastaðalandi en þar er gert ráð fyrir blandaðri landnotkun (verslunar- og þjónustusvæði/athafnasvæði) skv. aðalskipulagi. Í tilkynningu framkvæmdaraðila segir m.a.

„Miðað við þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar hljóðstigsreikningum þá verður að gera ráð fyrir hærri hljóðskermum en gert var ráð fyrir í útreikningum eða grípa til annarra aðgerða þannig að kröfur reglugerða um hljóðstig verði uppfylltar. Þegar skipulag Blikastaðalands hefur mótast verða gerðir hefðbundnir hljóðreikningar.“

Umhverfisstofnun bendir á að ekki var reiknað út hljóðstig fyrir golfvöllinn við Korpu en halda ber hljóðstigi á útivistarsvæðum í þéttbýli innan við 55 dB(A). Tryggja verður að hljóðstig verði innan viðmunarmarka reglugerðar nr. 933/1999 um hávaða.

Í gögnum um framkvæmdina kemur fram að samkvæmt aðalskipulagi Mosfellsbæjar er gert ráð fyrir athafna- og miðsvæði sunnan Korpúlfsstaðavegar en blandaðri byggð íbúða og athafna norðan hans, en ekki liggur fyrir deiliskipulag. Komin eru drög að rammaskipulagi fyrir landið í heild, þar sem gert er ráð fyrir að sunnan Korpúlfsstaðavegar komi verslunar- og þjónustusvæði og athafnasvæði. Norðan Korpúlfsstaðavegar er gert ráð fyrir að vestan tengibrautar sem liggur út frá Korpúlfsstaðavegi komi íbúðarbyggð. Líklegast er að austan þessarar tengibrautar komi blanda þjónustu, stofnana, verslana og íbúða. Umhverfisstofnun bendir á að ef um íbúðabyggð er að ræða skal við nýskipulag byggðar miða við að uppfyllt verði leibeiningargildi reglugerðar nr. 933/1999 um hávaða. Jafnframt bendir stofnunin á að við skipulag blandaðrar byggðar væri æskilegast að gera ráð fyrir athafnasvæði næst Korpúlfsstaðavegi til að draga úr hávaða í íbúðabyggð.

Lífriki Úlfarsár

Í tilkynningu um framkvæmdina segir m.a.:

„Svæðið sitt hvoru megin við væntanlega brú er skilgreint sem sæmilega gott

hrygningarsvæði og neðan við hana eru bestu veiðistaðir í ánni.”

Fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir felast m.a. í því að framkvæmdir sem valda gruggun árinna verða utan veiði- og hrygningartíma og verða engir efnisflutningar yfir ána fyrr en brúin er risin.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að framkvæmdin raski á engan hátt hrygningar- eða uppeldisstöðum í ánni. Stofnunin telur ekki líklegt að fyrirhuguð framkvæmd hafi umtalsverð áhrif á lífríki Úlfarsár að því tilskildu að gripið verði til þeirra mótvægisáðgerða sem fyrirhugaðar eru og að samráð verði haft við embætti veiðimálastjóra um framkvæmdina.

Ofanvatn af götu og brú

Í tilkynningu um framkvæmdina kemur m.a. fram að lítið meðalrennsli í ánni valdi því að áin sé viðkvæm fyrir mengandi efnum vegna afrennslis frá íbúðabyggð og götum. Þrátt fyrir það er ekki gert ráð fyrir að ofanvatn frá veginum verði meðhöndlað sérstaklega fyrr en byggð rís á svæðinu og að afstaða verði tekin til þess með hvaða hætti það verður gert við gerð deiliskipulags á svæðinu og nánari hönnun á gatna- og fráveitukerfi. Í tilkynningunni segir m.a.:

„Við þá ákvörðun verður tekið mið af því að lífríki árinna verði ekki fyrir skaða. Ofanvatn verður ekki leitt óhreinsað í Úlfarsá þannig að stemmt verði stigu við að mengandi efni berist með ofanvatni í ána. Fyrst í stað mun ofanvatn af götu fara út í jarðveginn við hlið vegar og sitrast um jarðfyllinguna á leið í ána. Gera má ráð fyrir að með þessu náist nægjanleg hreinsun á ofanvatni frá Korpúlfsstaðarvegi þar til frekari uppbygging hefst á svæðinu þar sem um lítinn afrennslisflöt er að ræða.”

Þar segir einnig:

„Komi í ljós við hönnun nærliggjandi svæða að ekki verði hægt að koma ofanvatni frá brúnni í lagnakerfi aðliggjandi hverfa verður leitað leiða til að koma í veg fyrir að mengandi efni berist í ána.”

Umhverfisstofnun telur að gera verði þá kröfu að ekki verði hætta á mengun í Úlfarsá og þar með áhrifum á lífríki árinna vegna framkvæmdarinnar. Tryggja verður að núverandi ástandi Úlfarsár verði viðhaldið. Í skýrslu um flokkun vatna á Kjósarsvæðinu, *Úlfarsá*, kemur fram að stærsti hluti vatnasviðs Úlfarsár er tiltölulega náttúrulegur og því hægt um vik að stýra uppbyggingu innan þess á þann hátt að vistkerfi árinna skaðist ekki. Í skýrslunni er lagt til að langtímamarkmið um flokkun árinna skv. reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns verði flokkur A, þ.e. ósnortið vatn. Í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands um náttúrufar í Austurlandi Reykjavíkur segir m.a.: „*Koma þarf í veg fyrir að áburðarmengun frá gördum væntanlegrar byggðar. Þetta á bæði við um áhrif hennar á villtan gróður og árvatnið. Auk þess verður að leysa þann vanda sem verður vegna afrennslis yfirborðsvatns frá götum sem getur verið mikið mengað og haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir lífríki árinna t.d. olía og eiturefni.*”

Í greinargerð með staðfestu aðalskipulagi Mosfellsbæjar segir m.a.:

„Það er stefna Mosfellsbæjar að nýta auðlindir þannig að ekki sé gengið á höfuðstól þeirra, gildi náttúrunnar til fjölbreytilegra nota aukist, umhverfinu verði ekki spillt að óþörfu og farið verði að ítrustu kröfum um mengunarvarnir samkvæmt lögum hverju sinni. (Úr Staðardagskrá 21 fyrir Mosfellsbæ.)”

Umhverfisstofnun telur því óásættanlegt að ekki sé gert ráð fyrir að ofanvatn frá veginum verði hreinsað fyrr en byggð rís á svæðinu. Stofnunin bendir á að ekki eru lagðar fram upplýsingar sem sýna fram á að nægjanleg hreinsun fái með því að láta ofanvatn sitra í gegnum jarðfyllinguna. Ekki er ljóst hverjir eiginleikar jarðfyllingarinnar eru og þar með ekki hver verður binding efna úr ofanvatni og hversu mikil. Í skýrslunni „*Flokkun vatna á Kjósarsvæðinu. Úlfarsá.*” segir eftirfarandi um síun ofanvatns: „*Gera má ráð fyrir að*

ofanvatn sem hripar um jarðveg losi sig við talsvert af uppleystu efnunum sem fylgja úrkomunni en bæti við sig öðrum. Hversu mikið hverfur (af efnasamböndum úr ofanvatni) er m.a. háð eiginleikum efnanna, jarðvegi, gróðurfari og tímanum sem vatnið er í snertingu við jarðveginn. Sá tími er að jafnaði styttri því minni sem lektin á vatnasviðinu er."

Umhverfisstofnun bendir einnig á að á þeim árstíma sem jörð er freðin og hreinsun ofanvatns í lágmarki má búast við að mest berist af mengunarefnum með ofanvatni, þar sem nagladekk, söltun og kuldi auka vegslit og þar með uppleyst efni í ofanvatni. Á þeim tíma er einnig að vænta meiri útblásturs bifreiða. Samkvæmt bandarískum rannsóknum á efnainnihaldi ofanvatns (Barrett ofl. 1995) virðist mega gera ráð fyrir að ofanvatn af malbikuðum vegi myndi falla undir umhverfismörk III, þ.e. áhrifa að vænta á viðkvæmt lífríki skv. reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999. Í niðurstöðum þeirra rannsókna koma ekki fram áhrif vegna söltunar og notkunar á nagladekkjum enda fóru rannsóknirnar fram í Texas í Bandaríkjunum svo búast má við að áhrif frá umferð sé enn meiri hér á landi.

Með vaxandi byggð við Úlfarsá sem og uppbyggingu vegakerfis og aukinni umferð mun mengunarálag á ána halda áfram að aukast. Því er mikilvægt að gripið verði strax til aðgerða til að stemma stigu við mengun vegna uppbyggingar á vegakerfinu, ekki síst í ljósi sammögnunaráhrifa með öðrum vegaf framkvæmdum sem fyrirhugaðar eru við Úlfarsá. Vert er að hafa í huga þau áhrif sem orðið hafa á lífríki Elliðaánna. Umhverfisstofnun tekur undir eftirfarandi ábendingar í skýrslu Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis: „Álagið á ána mun halda áfram að aukast með auknum umsvifum og auknu hlutfalli þéttra flata. Ef verndun árinna er ekki strax höfð að leiðarljósi við uppbyggingu á vatnasviðinu er hins vegar líklegt að erfitt reynist að ná settum markmiðum þegar fram í sækir."

Umhverfisstofnun telur að gera ætti þá kröfu að meðhöndlun ofanvatns vegna framlengingar Korpúlfsstaðavegar verði með sama hætti og meðhöndlun þess vegna fyrirhugaðrar tengibrautar milli Grafarholtshverfis og fyrirhugaðs hverfis í suðurhlíðum Úlfarsfells, sbr. tilkynningu um framkvæmdina til Skipulagsstofnunar.


Niðurstaða


Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa umtalsverð áhrif á gróður og fuglalíf. Við skipulag göngu- og reiðstíga verður að gæta þess að raska ekki þeim svæðum mest gildi hafa vegna gróðurs og fuglalífs og ekki verður raskað vegna fyrirhugaðrar vegaf framkvæmdar.

Umhverfisstofnun telur umfjöllun um áhrif ofanvatns ófullnægjandi og að ekki liggi ljóst fyrir hvaða áhrif framkvæmdin gæti haft á lífríki árinna, ekki síst með m.t.t. sammögnunaráhrifa með öðrum framkvæmdum sem fyrirhugaðar eru. Stofnunin telur óásættanlegt að ekki sé gert ráð fyrir meðhöndlun ofanvatns vegna framkvæmdarinnar.

Umhverfisstofnun minnir á að leita skal umsagnar stofnunarinnar um framkvæmdina skv. 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd áður en framkvæmdaleyfi er veitt.

Virðingarfyllst,


Sigurrós Friðriksdóttir


Helgi Jensson